



***Fornleifaskráning fyrir RARIK á strengleið
háspennulínu á milli Hvamms, Tungusels og
Hvammsgljúfurs í Þistilfirði***



Rannveig Þórhallsdóttir
2025

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir Hafralónsá.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir RARIK
Maí 2025

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	4
STRENGLÖGNIN	6
FORNLEIFASKRÁNINGIN.....	6
ÞISTILFJÖRÐUR	7
HVAMMUR.....	8
3413-1. Tóft. Fjárrétt.	10
TUNGUSEL	11
3413-2. Tóft. Óþekkt.....	13
3413-3. Tóft. Óþekkt.....	13
3413-4. Hóll. Bæjarhóll.	14
3413-6. Niðurgröftur. Óþekkt.....	15
3413-7. Tóft. Óþekkt.....	15
3413-8. Niðurgröftur. Matjurtagarður.....	15
3413-9. Vegur. Samgöngubót.....	16
HAFRALÓNSÁ OG HVAMMSGLJÚFUR	17
NIÐURSTAÐA	18
HEIMILDIR	19
VIÐAUKI 1: ÁHRIF TILEFNIS.....	21
VIÐAUKI 2: MINJAKORT	23

Abstract

RARIK hired Rannveig Þórhallsdóttir, an archaeologist at the company Sagnabrunnur, to do a archaeological registration on an route of an electric cable through the land of Hvammur and Tungusel and ending in Hvammsgljúfur. This project has the registration nr. **3413**. Nine archaeological remains were found close to the registration area. According to Iceland Heritage Law Nr. 80/2012 they were all considered to be in danger, therefore the line was moved. After the change of the line no protected archaeological remains (with 15 m protected radius) were considered to be in danger. No sanctioned archaeological remains were found within the 100 m distance of sanctioned archaeological remains. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. nr. 80/2012 eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. laga nr. 80/2012 er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. laga nr. 80/2012 og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu. Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2012 segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Strenglöginn


Fyrirhuguð strenglög háspennulínu í Þistilfirði er um 7,5 km löng. Hún liggur vestan við Hafralónsá hjá Hvammi, fer síðan til austurs yfir ána hjá Tunguseli og liggur þaðan til suðurs, að mestu meðfram vegi, að Hvammsgljúfri. Línulöginn er að hluta til í Svalbarðshreppi og hluta til í Langanesbyggð.

Fornleifaskráningin

Að beiðni RARIK var starfsmaður

Sagnabrunns ehf., Rannveig

Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að fornleifaskrá strenglög háspennulínu á milli Hvamms, Tungusels og Hvammsgljúfurs. Fulltrúi verkkaupa var Rögnvaldur Guðmundsson hjá RARIK. Fornleifaskráningin fékk verkefnanúmerið **3413** hjá Minjastofnun. Rannveig fór á vettvang þann 9. apríl 2025 í góðu vörveðri þegar vettvangur var nánast snjólaus. Tekin var út línusvæði 15 metrum sitthvoru megin við strenglínuna og þegar fornleifar fundust á strengleiðinni var ný strengleið tekin út samtímis.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af línulög. Endanleg línulög sýnd með rauðu og staðir þar sem línu var breytt sýnd með bláu.

Þistilfjörður

Samkvæmt Landnámu komu Ketill Þistill og Gunnólfur kroppa Þórisson frá Noregi og settust að á Langanesi.¹ Skip eru talin hafa komið víða að landi í Þingeyjarþingi á söguöld samkvæmt lýsingum í Íslendingasögum, s.s. Svalbarðsströnd, Húsavík, Bolungarhöfn eða Buðlungahöfn í Öxarfirði, Hraunhöfn og Raufarhöfn á Sléttu og við ósa Hafralónsár í Þistilsfirði. Á mörgum þessara staða finnast búðaleifar og örnefni sem bera skipakomum vitni. Einn þeirra er hólmi í Hafralónsá fyrir utan Hallgilsstaði sem heitir Stórhólmi. Munnmælasögur segja að landnámsmenn hafi lagt skipum sínum við þessa hólma. Fyrir framan Búðarhólma er það á ánni sem kallað er Búðarvað. Önnur örnefni eru Skipakíll í Hallgilsstaðanesi og utar Dómsneshólmi. Til er munnmælasaga í þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar er segir frá legstað landnámsmannsins Gunnólfs kroppu við sjó þar sem hann gæti heyrt bárunið. Þá var einnig sagt að skipum er kæmi þar að landi myndi ekki hlekkjast á.²

Norður-Þingeyjarsýsla var ein af víðlendustu sýslum landsins og Þistilfjörður annar af tveimur fjörðum í sýslunni. Þistilfjörður er stór flói, fimm mílur á breidd á milli Melrakkaslétu og Skoruvíkurbjarg og um fjórar mílur á lengd. Þistilfjarðarsveitin er stórt og breitt undirlendi með lágum hálsnum milli áнна sem falla í fjörðinn ofan af heiðum. Meðfram ánum eru á mörgum stöðum góðar engjar og land er kjarngott til beitar. Sveitin var um tíma fjölmennasta byggðalag Norður-Þingeyjarsýslu en á á seinni hluta 19. aldar flosnaði fjöldi fólks upp og fluttist á brott, margir til Ameríku. Á Svalbarði hefur frá fornu fari verið þingstaður og síðar prestsetur þeirra sem í Þistilfirði búa. Á Langanesinu eru skil milli Norðlendinga og Austfirðinga, þar voru um langan aldur mót hinna fornu biskupsdæma Skálholts og Hóla. Langanes kemur einnig við sögu í elstu siglingaleiðarlýsingu um úthaf í heiminum sem er að finna í Sturlubók Landnámu þar sem segir að frá Langanesi er fjögurra dægra haf norður til Svalbarða í hafsbotn.³


¹ Landnáma, 74. kafli.

² Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 30; Sigfús Sigfússon. (1991). *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. X. bindi. Reykjavík, bls. 27.

³ Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 13-14; Landnáma, 1. kafli.

Hvammur

Hvammur er í Svalbarðshreppi og er bærinn talinn hafa verið byggður út frá Gunnarsstöðum. Bærinn var áður fyrr niðri við ána í litlum hvammi. Á Minjavefsjá er merktur inn Bæjarhóll. Síðar var bærinn færður þar sem örnefnið Krummahóll er merkt inn. Spöl sunnan við bæinn rann bæjarlækurinn sem hafði grafið farveg í alldjúpu gili um sendinn og lausan farveg. Brekka hallaði niður af bænum að vestan en melkambur hið efra. Nú er gamli bærinn jafnaður við jörðu, en uppi á melnum risu á öðrum fjórðungi 20. aldar íbúðarhús úr steini. Beitarhús voru vestur af bænum og önnur alllangt suður með ánni á mót Tunguseli. Íbúðarhús úr steini að Hvammi I voru reist 1936, að Hvammi II var íbúðarhús úr steini byggt 1927. Að Hvammi III var gamalt íbúðarhús úr torfi, timbri og járn.⁴ Í jarðabók Árna og Páls segir að biskupsstóllinn Hólar eigi jörðina Hvamm (ritað Huammur). Jarðardýrleiki óviss. Þar



Mynd 3. Túnakort Hvamms frá 1920.



Mynd 4. Minningasteinn eða heimagrafreitur í landi Hvamms.

segir: „Hvamms Sel kallast fornt eyðiból hjer í landinu fram með Hafralónsá, og eru þar auðsjen byggíngarmerki rústa og gamlara⁵ girðinga. Eigandi þessa eyðibóls rómast að sje Gunnarsstaðir, eftir því sem menn hafa heyrt af sjer eldri mönnum að þetta land liggi undir þá

⁴ Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík, bls. 177-178; Örnefnaskrá Hvamms. (1967) Ari Gíslason, Skúli Skúlason. Örnefnastofnun; Minjavefsjá Minjastofnunar.

⁵ Svo ritað í frumheimild.

jörð að fornu. Ekki má hjer aftur byggja fyrir vetrarríki og heyskaparleysi.“⁶ Þessar minjar sáust ekki við vettvangsskoðun nálægt skráningarsvæðinu. Á loftmynd var hins vegar hægt að greina nokkrar tóftir nálægt Hafralónsá, en þar sem þær voru utan skráningarsvæðisins voru þær ekki mældar upp. Einnig var hægt að sjá minningastein niðja á vettvangi utan skráningarsvæðisins til austurs. Á minningarsteini stendur: Jóhanna Sigfúsdóttir, f. 20.05.1881, d. 22.06.1925 og Aðalsteinn Jónasson, f. 21.06.1875, d. 04.05.1958. Minningasteinninn var reistur af afkomendum árið 1980.⁷

Eftirfarandi minjar fundust í landi Hvamms í nálægð við skráningarsvæðið:



Mynd 5. Uppmældar minjar 3413-1 í landi Hvamms við Bæjarlækjargil.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn, bls. 366-367.

⁷ Þórarinn Þórarinnsson, Þórarinn Kristjánsson, Halldór Sigurðsson (ritstj.). (1985). *Land og fólk: byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga, bls. 544-546.

3413-1. Tóft. Fjárrétt.

Í örnefnaskrá Hvamms segir: „Í Bæjargilinu er fjárrétt, nú tóftarveggir.“⁸ Rétt norðan við Bæjarlækjargil fannst ein tóft á vettvangi innan skráningarsvæðisins hjá Hvammi. Tóftin er þakin sinu og virðist hlaðin úr torfi. Tóftin er að utanmáli 28x25 m, liggur A-V og er með inngang til suðurs. Innan



Mynd 6. Horft til norðausturs yfir vegg fjárréttar 3431-1.

hennar eru tvö rými. Syðra rýmið er 20x4 m að innanmáli og innan þess er lítið afstúkað rými, 3x1 m, til austurs. Nyrðra rýmið er um 18x7 m að innanmáli. Líklega hefur verið inngangur vestarlega á milli rýmanna. Veggir eru þýfðir til austurs og eru misháir, til austurs eru þeir um 1,7 m, til vesturs eru þeir 0,5 m háir og til til suðurs 1,7 m háir. Breidd veggja um 3-10 m.



Mynd 7. Horft til norðausturs yfir Bæjarlækjargil og fjárréttir 3413-1.

⁸ Örnefnaskrá Hvamms. (1967) Ari Gíslason, Skúli Skúlason. Örnefnastofnun, bls. 3.

Tungusel

Tungusel var í Sauðaneshreppi til forna. Tungusel byggðist fyrst upp úr gömlu seli frá Hallgilsstöðum árið 1652 og var í ábúð til ársins 1706. Hjáleigan byggðist svo upp á ný árið 1741. Séra Stefán Árnason nefndi eyðibýli í landi Tungusel Mela og Klúka í lýsingu frá 1840. Þá voru þar beitarhús. Aðrar heimildir kalla þessi örnefni Melasel og Klúkusel.⁹

Alfaravegur um sóknina eða þjóðleið lá frá Tunguseli með Hafralónsá út í Sandkrók svonefndan millum Syðri- og Ytribrekkna, síðan með sjó allt út að Sköruvík.¹⁰ Engin ummerki um leiðina voru greinanleg á vettvangi í nálægð við skráningarsvæðið (fyrir utan heimreiðina að Tunguseli sem fjallað verður um hér á eftir).

Hallgilsstaðir, sá bær er Tungusel byggðist úr, er talinn hafa verið í byggð allt frá landnámsöld. Nokkur örnefni í landi Hallgilsstaða þykja benda til þess að á Hallgilsstaðanesi, eða Nesinu, hafi verið forn þingstaður. Búðarhólmi er í ánni á móti rennsléttum harðvellistanga í Nesinu. Búðarvað á Hafralónsá (gamla þjóðleiðin) er einnig rétt við Búðarhólmann. Skipakíll og Dómsneshólmi bendir einnig til skipakoma og þinga. Gamalt skjal frá 1741 benda til þess að á Hallgilsstöðum hafi verið bænhús eða hálfkirkja.¹¹

Heimildir eru um Þorsteinsstaði, smábýli sem var „upp með Tungná allnokkru framan við Tungusel.“ Þorsteinsstaðir voru í ábúð á seinni helmingi 19. aldar, þ.e. frá 1850-1884.¹²

Tungusel var áður en búseta hófst þar sel frá Hallgilsstöðum.¹³ Samkvæmt jarðabók Árna og Páls var Tungusel í ábúð árið 1735 og metið á 6 forn hundruð. Landskuldir voru 50 álnir og jörðin var í einkaeign. Jörðin var svo farin úr ábúð árið 1754 þegar tíð harðnaði.¹⁴

⁹ Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 175; Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. Þingeyjarsýslur. Sókna- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. „Sauðanessókn, St. Einarsson árið 1840“, bls. 286-287.

¹⁰ Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. Þingeyjarsýslur. Sókna- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. „Sauðanessókn, St. Einarsson árið 1840“, bls. 296.


¹¹ Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík, bls. 188-191.

¹² Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 15-16 og 174.

¹³ Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 85.

¹⁴ Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Friðrik G. Olgeirsson (1998): Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918. Þórshafnarhreppur. Reykjavík*, bls. 81; Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn, bls. 366-369; Ólafur Olavíus. (1965). *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. II. bindi, Reykjavík, bls. 83.

Tungusel var lítil jörð á 19. öld. Í fasteignamatinu árið 1918 var hún metin 4300 kr. Með mikilli nýrækt og 20. öld varð jörðin að einni stærstu og verðmætustu jörð á Langanesi. Árið 1918 voru tún jarðarinnar aðeins um 2,5 hektarar, en voru orðnir yfir 90 hektarar á 20. öldinni.¹⁵



Mynd 8. Minjarnar í Tunguseli.

Á skráningarsvæðinu hjá Tunguseli fundust átta minjar á gamla bæjarhólnum, sjá mynd 8. Í örnefnaskrá Tungusels segir: „Bæjarhús úr steini syðst og austast í túninu, sem er á sléttlendi austur frá Hafralónsá, sem er vestan við land jarðarinnar. Túnið er slétt nema hvað hóll er

¹⁵ Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Langnesingasaga II – Saga Byggðar á Langnesi frá 1918 til 2000*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík, bls. 134, 153.

vestarlega á gamla túninu, þar sem bærinn var. Brunnur var suðvestan við bæinn og sunnan hans var heimreiðin. Hlaðnir veggir með henni.“¹⁶

3413-2. Tóft. Óþekkt

Mæld var upp tóft vestarlega á bæjarhóli Tungusels. Tóftin er þakin sinu, sokkin og illgreinanleg. Tóftin er að utanmáli 15x11 m með tveimur rýmum. Innanmál rýma er um 2,5 m. Tóftin liggur N-S og er með inngang til suðausturs.



Mynd 9. Horft til norðurs yfir 3413-2.

Veggir eru þýfðir og um 0,3-0,4 m á hæð. Breidd veggja um 2,5-3,5 m.

3413-3. Tóft. Óþekkt.

Mæld var upp tóft á miðjum bæjarhóli Tungusels. Tóftin er þakin sinu, sokkin en þó greinanleg. Tóftin er að utanmáli 11x12 m með tveimur rýmum. Innanmál rýmis til norðurs er um 1 m og til suðurs um 2 m. Tóftin liggur A-V og er með inngang til norðvesturs.



Mynd 10. Horft til suðurs yfir 3413-3.

Veggir eru þýfðir og um 0,4-0,5 m á hæð. Breidd veggja um 1,5-5 m.

¹⁶ Örnefnaskrá Tungusels, Sauðaneshreppi. (1973). Skúli Skúlason, Kristbjörn Lúthersson. Örnefnastofnun, bls. 4.

3413-4. Hóll. Bæjarhóll.

Mældur var upp bæjarhóll Tungusels. Bæjarhóllinn liggur A-V og er um 67x43 m á stærð og um 1,5-2 m á hæð.



Mynd 11. Horft til norðausturs yfir bæjarhól 3413-4.

3413-5. Tóft. Híbýli

Mæld var upp tóft er virðist tóft bæjar með stein- og torfhlöðnum veggjum austarlega á bæjarhóli Tungusels. Hugsanlega er um burstabæ að ræða.

Tóftin er vel greinanleg og virðist yngri en tóftir [3413-2] og [3413-3]. Tóftin er að utanmáli 22x18 m með tveimur rýmum. Innanmál rýmis til vesturs er 2,5 m og til austurs er 2,6 m. Hæð hleðslna er 0.6 til 1.2 m. Tóftin liggur A-V og er með inngang til suðausturs. Breidd veggja er um 3 til 5 m.



Mynd 12. Horft til norðurs yfir 3413-5.



Mynd 13. Torf og grjótt. Horft til norðurs í vegg 3413-5.

3413-6. Niðurgröftur. Óþekkt

Mældur var ferhyrningslaga niðurgröftur fyrir sunnan bæjarhól Tungusels. Niðurgröfturinn er A-V, að utanmáli 2,5x2,2 m. Niðurgröfturinn er um 0,5 m djúpur.



Mynd 14. Horft til suðausturs yfir 3413-6.

3413-7. Tóft. Óþekkt

Mæld var upp nánast ferhyrnd tóft suðaustarlega á bæjarhóli Tungusels. Tóftin er að utanmáli 2,5x3 m og liggur A-V. Hæð veggja er um 0,3-0,4 m.



Mynd 15. Horft til suðausturs yfir 3413-7.

3413-8. Niðurgröftur. Matjurtagarður

Mældur var upp niðurgröftur matjurtagarðs, sem virðist yngri en flestar tóftirnar á bæjarhólnum en gæti þó verið samtíða [3413-5]. Garðlagið liggur A-V, er að utanmáli 10x8 m. Hæð veggja er um 0,3-0,4 m. Í matjurtagarðinum vex rabbarbari.



Mynd 16. Horft til norðurs yfir 3413-8.

3413-9. Vegur. Samgöngubót


Sunnan við bæjarhól [3413-4] var mæld upp upphækkun eða hleðsla [3143-9] sem þakin er sinu og liggur A-V. Líklega er um að ræða veginn, eða heimreiðina, að bænum Tunguseli sem sést merkt inn á túnakort frá 1920, sjá mynd 18.

Heimreiðin er greinanleg á um 30 m löngum og 2-3 m breiðum

kafla og er um 0,3-0,4 m há. Hún er ógreinanleg til vesturs þar sem hún virðist hafa verið sléttuð út í túnasléttun. Ekki var hægt að greina steina í hleðslum.



Mynd 17. Horft til vesturs yfir 3413-9.



Mynd 18. Túnakort Tungusels frá 1920.

Hafralónsá og Hvammsgljúfur

Sagnir herma að í Móðuharðindunum hafi fólk hafist við inn hjá Hafralónum og Heljardal og lifað þar um skeið af veiðifangi. Á þessu vatnasvæði er mikill silungur. Sagnir eru ennfremur um að í fornöld hafi verið barist við Hafralón út af veiðirétti á vatnasvæði inni hjá Hafralónum og Heljardal. Sögurnar eru þó ósamhljóða. Önnur hermir að Lýtingur frá Lýtingsstöðum í Vopnafirði og Hafur á Hafursstöðum í Þistilfirði hafi hist við Hafralón og deilt þar um veiðiréttinn. Endaði deilan með því að þeir börðust þar. Féll þar Hafur og var heygður suðaustan við Hafralón í hól allmiklum er þar stendur og heitir Hafurshaugur. Hin sögnin segir að sá sem barðist og deildi við Hafur hafi verið Hávarður frá Hávarðsstöðum í Þistilfirði.¹⁷ Hafralón er í um 2,5 km fjarlægð sunnan við skráningarsvæðið og Heljardalur í um 3 km fjarlægð til suðurs.¹⁸

Samkvæmt örnefnaskrá var byggð hlaða inni á Hvammsgljúfrum um 1926 sem var kölluð Gljúfrahlaða. Hlaða þessi fauk svo rétt sést í aurmál hennar.¹⁹

Engin ummerki sáust um minjar á skráningarsvæðinu upp með Hafralónsá eða hjá Hvammsgljúfri.

¹⁷ Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík, bls. 186-187.

¹⁸ Hjörleifur Guttormsson. (2013). *Norðausturland. Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll. Árbók Ferðafélags Íslands*, Ferðafélag Íslands, bls. 180-181.

¹⁹ Örnefnaskrá Hvamms. (1967) Ari Gíslason, Skúli Skúlason. Örnefnastofnun, bls. 4.

ID.	Teg.	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3413-1	tóft	tétt	Ekki í hættu	greinanlegar	870-1900	661826.3775	629694.7937
3413-2	tóft	óþekkt	Ekki í hættu	illgreinanlegar	1600-1900	661614.2836	626972.2467
3413-3	tóft	óþekkt	Ekki í hættu	greinanlegar	1600-1900	661624.2904	626960.2052
3413-4	hóll	bæjarhóll	Ekki í hættu	greinanlegar	870-1900	661635.5830	626961.3473
3413-5	tóft	híbýli	Ekki í hættu	greinanlegar	1700-1900	661653.3664	626949.1977
3413-6	niðurgröftur	óþekkt	Ekki í hættu	greinanlegar	1700-1900	661651.1944	626937.1489
3413-7	tóft	óþekkt	Ekki í hættu	greinanlegar	1600-1900	661640.6113	626936.0411
3413-8	niðurgröftur	matjurtagarður	Ekki í hættu	greinanlegar	1600-1900	661635.0025	626948.1554
3413-9	vegur	samgöngubót	Ekki í hættu	greinanlegar	870-1900	661613.7240	626944.2442

Tafla 1.

Niðurstaða

Níu friðaðar minjar: rétt [3413-1], tóft [3413-2], tóft [3413-3], bæjarhóll [3413-4], tóft-híbýli [3413-5], niðurgröftur [3413-6], tóft [3413-7], niðurgröftur-matjurtagarður [3413-8] og vegur [3413-9] fundust á skráningarsvæðinu og töldust í hættu. Engar friðlýstar minjar fundust innan þess. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir minjarnar sem fundust í nálægð við línulögnina. Fjallað er um mótvægisáðgerðir í viðaukanum *áhrif tilefnis* hér á eftir, en eftir breytingar á línu töldust minjarnar ekki lengur vera í hættu.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). „Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.“
Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*.
Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík.

Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (1994).
Þingeyjarsýslur – Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. Gott mál hf. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson (1998). *Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson (2000). *Langnesingasaga II – Saga Byggðar á Langnesi frá 1918 til 2000*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Hjörleifur Guttormsson. (2013). *Norðausturland. Vopnaffjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll*. Árbók Ferðafélags Íslands. Ferðafélag Íslands.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Jón Sigurðsson o.fl. (1857). Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum), IV. og VII. bindi.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Landnáma: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Ólafur Olavíus. (1965). *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. II. bindi, Reykjavík.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (<https://www.minjastofnun.is/is/minjavefsja>).

Sigfús Sigfússon. (1991). *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. X. bindi. Reykjavík.

Túnakort (1920). *Hvammur*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Túnakort (1920). *Tungusel*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson, Halldór Sigurðsson (ritstj.). (1985). *Land og fólk: byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

Örnefnaskrá Hvamms, Svalbarðshreppi. (1967) Ari Gíslason, Skúli Skúlason. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Gunnarsstaða, Svalbarðshreppi. (1967) Kristján Eiríksson. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Gunnarsstaða og Hvamms, Svalbarðshreppi. (1961) Aths. Óli Halldórsson, Sigfús A. Jóhannsson. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Gunnarsstaða, Svalbarðshreppi. (1967) Ari Gíslason. Skúli Skúlason. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Tungusels, Sauðaneshreppi. (1973). Skúli Skúlason, Kristbjörn Lúthersson. Örnefnastofnun.

Viðauki 1: Áhrif tilefnis


Eins og segir í niðurstöðukafla fundust níu friðaðar minjar: rétt [3413-1], tóft [3413-2], tóft [3413-3], bæjarhóll [3413-4], tóft-híbýli [3413-5], niðurgröftur [3413-6], tóft [3413-7], niðurgröftur-matjurtagarður [3413-8] og vegur [3413-9] á skráningarsvæðinu og töldust í hættu, en eftir breytingar á línu töldust minjarnar ekki lengur vera í hættu.

Lína var færð um 30 m til norðurs hjá Bæjarlækjargili eins og sjá má á mynd 19. Við breytingarnar teljast minjar [3413-1] ekki lengur vera í hættu.



Mynd 19. Breytingar línulagnar hjá Hvammi. Endanleg línulögn sýnd með rauðu og fyrri tillaga með gulu.

Lína var færð um 100 m til norðurs hjá Tunguseli eins og sjá má á mynd 20. Við breytingarnar teljast minjar: tóft [3413-2], tóft [3413-3], bæjarhóll [3413-4], tóft-híbýli [3413-5], niðurgröftur [3413-6], tóft [3413-7], niðurgröftur-matjurtagarður [3413-8] og vegur [3413-9] ekki lengur vera í hættu.



Mynd 20. Breytingar á línu hjá Tunguseli. Endanleg leið sýnd með rauðu og fyrsta tillaga með gulu.

Minnt er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Viðauki 2: Minjakort

